



Akureyrarbær

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 5. mars 2020
2020020642 / 01-615

Efni: Umsögn Akureyrarbæjar um tillögu til þingsályktunar um stöðu barna tíu árum eftir hrun, 191. mál

Bæjarráð Akureyrarbæjar hefur á fundi sínum þann 5. mars 2020 gert eftirfarandi bókun:

Lagt fram til kynningar erindi dagsett 25. febrúar 2020 frá velferðarnefnd Alþingis þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um stöðu barna tíu árum eftir hrun, 191. mál 2020.

Bæjarráð lýsir yfir ánægju sinni með þingsályktunina og telur afar mikilvægt að staða barna í landinu verði könnuð með heilrænum hætti.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd bæjarstjóra



Elva Björk Einarsdóttir
sérfræðingur á skjalasafni



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 16. mars 2020

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um stöðu barna tíu árum eftir hrun. Þingskjal 195 – 191. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri



Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um stöðu barna tíu árum eftir hrun.

Barnaheill hafa fengið ofangreint mál til umsagnar og þakka fyrir það. Umsögnin er nær samhljóða fyrri umsögnum um sama mál.

Barnaheill styðja við að starfshópur verði skipaður til að kanna stöðu barna og fjölskylduaðstæður þeirra 10 árum eftir efnahagshrunið á Íslandi. Mikilvægt er að skýrsla starfshópsins verði nýtt til að tryggja aftur inn í stjórnkerfið þá fjármuni sem skornir voru niður í hruninu og tryggja að börn njóti þeirrar þjónustu til fulls sem þau áður nutu, nú þegar hagur þjóðarinnar hefur vænkast á ný. Hér þarf ekki síður að meta m.a. sálrænar og félagslegar afleiðingar bankahrunsins fyrir þau börn sem eiga foreldra sem lentu í alvarlegum fjárhagsörðugleikum eftir hrun og misstu atvinnu og heimili sín í kjölfarið. Leggja þarf mat m.a. á sálrænar og félagslegar afleiðingar þess á foreldra og áhrif þess á börn á viðkvæmu uppvaxtarskeiði, s.s. að búa við kvíða og ótta foreldra vegna óvissu um grunnþarfir eins og atvinnu og húsnæði.

Barnaheill taka þannig undir það sem fram kemur í greinargerð að mikilvægt sé að safna gögnum reglulega um stöðu barna á heildrænan hátt og að bæta verður úr því sem allra fyrst og fela t.a.m. Hagstofu Íslands að bæta gagnasöfnun og miðlun upplýsinga um börn á Íslandi.

Um þessar mundir eru ekki síður mikilvægt að hafa góða yfirsýn yfir stöðu barna, nú þegar Covid19 veiran geisar. Áhrif hennar eru nú þegar mikil á líf allra barna, með röskun skólastarfs og annars sem snertir fjölskyldur þeirra, m.a. mögulegar efnahagsþrengingar. Þess þarf að gæta að réttindi barna séu uppfyllt á þessum tímum.

Barnaheill þakka fyrir að í greinargerð með þingsályktunartillögunni er vísað til þess að horft skuli til skýrslna Barnaheilla, en samtökin gáfu út skýrslu um fátækt barna í Evrópu, þ. á m. Íslandi, árið 2014, sjá [hér](#): og aðra skýrslu um tengsl barnafátæktar og skorts á tækifærum og menntun, árið 2016, sjá [hér](#). Þær má nýta í skoðun á stöðu barna á þessu 10 ára tímabili.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Samtökin taka gjarnan þátt í samtali um gerð skýrslunnar og munu taka því fagnandi, hafi starfshópurinn samráð við Barnaheill.





UMBOÐSMAÐUR BARNA

Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík 16. mars 2020

Tillaga til þingsályktunar um stöðu barna tíu árum eftir hrun, 191. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 25. febrúar sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreinda tillögu til þingsályktunar.

Gerir tillagan ráð fyrir því að kannað verði hvort börn hafi fengið og notið bættis efnahagsástands landsins með því að greina stöðu barna sem eru fædd á árunum 1990-2011. Lagt er til að ríkisstjórninni verði falið að skipa starfshóp sem hafi samráð við helstu stofnanir og félagasamtök á málefnasviðinu, þ.m.t. umboðsmann barna, og skili skýrslu innan sex mánaða.

Taka má undir þau sjónarmið að brýnt sé að meta langtímaafleiðingar hrunsins og niðurskurðar í opinberri þjónustu á börn þannig að unnt sé að grípa til aðgerða sem miða að því að lágmarka möguleg neikvæð langtímaáhrif. Að mati umboðsmanns barna er þó vandséð hvernig ná á því markmiði með skipun starfshóps sem skila á skýrslu á sex mánuðum. Fram kemur í tillögunni að vinna starfshópsins á að taka til barna fæddra á tímabilinu 1990-2011 en líta ber til þess að börn fædd á árinu 2011 verða níu ára á árinu 2020 og því er ljóst að mat á langtímaáhrifum á þann hóp barna mun ekki liggja fyrir í lok þess árs.

Í tillögunni er vísað til lokaathugasemda barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna frá 2011, þar sem tilmælum var beint til íslenskra stjórnvalda, um nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja áframhaldandi innleiðingu Barnasáttmálans. Þar benti nefndin sérstaklega á að það skorti heildstætt kerfi um söfnun, vinnslu og greiningu gagna um stöðu barna hér á landi.

Umboðsmaður barna tekur undir þau sjónarmið að brýnt sé að bæta söfnun, miðlun og nýtingu tölfraðilegra gagna um börn, og að þær upplýsingar liggi ávallt til grundvallar heildstæðri stefnu í málefnum barna í íslensku samfélagi. Að mati umboðsmanns barna er löngu tímabært að íslensk stjórnvöld móti sér stefnu á því sviði og feli í kjölfarið tilteknum aðila það hlutverk að safna og miðla öllum tiltækum gögnum um börn í samfélaginu. Til þess að svo megi verða þarf að skilgreina það hlutverk í lögum og tryggja viðkomandi aðila nægilegt fjármagn. Tímabundnar ráðstafanir eins og þær sem lagðar eru til í umræddri tillögu til þingsályktunar eru hins vegar ekki til þess fallnar að uppfylla kröfur barnaréttarnefndarinnar um varanlegt, heildstætt kerfi um söfnun, vinnslu og geiningu gagna um stöðu barna.

Á árinu 2018 undirrituðu umboðsmaður barna og Hagstofustjóri samkomulag um samstarf sem miðar að birtingu hagtalna sem snerta sérstaklega stöðu barna á vefsíðu Hagstofunnar, en stefnt er að því að efla enn frekar það samstarf. Að mati umboðsmanns barna er Hagstofan sá aðili

sem helst getur sinnt því hlutverki að safna saman, vinna úr og miðla gögnum sem miða að því að meta langtímaáhrif efnahagshrunsins á börn í íslensku samfélagi. Ber til þess að líta að hlutverk Hagstofunnar samkvæmt lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, nr. 163/2007, er að vera miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu og hafa forustu um tilhögun, samræmingu og framkvæmd hennar. Til þess að unnt verði að leggja mat á stöðu barna og langtímaáhrif hrunsins þarf að auka fjárveitingar til þess að efla þær stofnanir sem þegar hafa hlutverki að gegna á þessu sviði en það er eina leiðin til þess að tryggja reglubundna og viðvarandi söfnun og miðlun samanburðarhæfra upplýsinga um aðstæður barna í íslensku samfélagi.

Virðingarfyllt,



Salvör Nordal,
Umboðsmaður barna